



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 21. mars 2024 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Erla María Lárusdóttir, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Arnar Ólafur Viggósson, Ástrós Elísdóttir varamaður fyrir Guðbjörgu Evu Guðbjartsdóttur og Ólafur Þór Ólafsson starfandi sveitarstjóri.

Oddviti stjórnaði fundi og starfandi sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra

Starfandi sveitarstjóri fór yfir þau málefni sem unnið hefur verið að á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

2. Stuðningur við kjarasamningagerð á almennum markaði

Lögð fram áskorun, dagsett 8. mars 2024, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem send var á allar sveitarstjórnir landsins. Í henni kemur fram að formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga hafi skrifað undir yfirlýsingu um stuðning ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga. Yfirlýsingin var gerð til að greiða fyrir gerð langtímakjarasamninga á vinnumarkaði með það að markmiði að ná niður vöxtum og verðbólgu. Í yfirlýsingunni kemur m.a. fram að sveitarfélögin komi að því á samningstímanum, ásamt ríkinu, að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla og að útfærð verði leið til að skólamáltíðir grunnskólabarna verði gjaldfrjálsar frá og með ágúst 2024 til loka samningstímans. Komi til þess mun ríkið greiða kostnaðarþátttöku sem gæti á landsvísu numið 4,0 milljörðum. Fram kemur að ríkið og Samband íslenskra sveitarfélaga muni útfæra þetta og mun vinna við það fara af stað á næstu dögum og verða nánari upplýsingar veittar þegar nær dregur. Þá er því beint til sveitarstjórna að endurskoða gjaldskrárhækkunar sem tóku gildi um síðustu áramót er varða barnafjölskyldur og fólk í viðkvæmri stöðu. Miða skuli við að hækkun þessa árs verði ekki umfram 3,5%. Þá verði gjaldskrárhækkunum stillt í hof eins og nokkur kostur er á samningstímanum.

Sveitarstjórn fagnar því að aðilar á vinnumarkaði hafi sameinast um skynsamlega langtíma kjarasamninga með áherslu á minni verðbólgu, lægri vexti, aukinn fyrirsjáanleika og þar með



að skapa skilyrði fyrir stöðugleika í íslensku efnahagslífi.

Við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2024 ákvað sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar að gjaldskrár myndu hækka minna en spár um þróun verðlags gerðu ráð fyrir. Nú þegar býður sveitarfélagið börnum leikskólaláss strax að loknu fæðingarorlofi foreldra. Einnig tók sveitarstjórn þá ákvörðun að hækka dagvistunargjöld leikskólabarna eingöngu um 1% milli ára.

Sveitarstjórn lýsir yfir vilja til að taka þátt í þessari vegferð með því m.a. að bjóða upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir í Höfðaskóla frá haustinu 2024 og vinna að öðrum þáttum samninganna sem snúa að sveitarfélögunum.

Jafnframt samþykkir sveitarstjórn samhljóða með 5 atkvæðum að fela starfandi sveitarstjóra að vinna að undirbúningi þessara verkefna í samræmi við væntanlegar leiðbeiningar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

3. Öruggara Norðurland vestra

Lögð fram til staðfestingar samstarfsyfirlýsing sem undirrituð var á Blönduósi 20. mars 2024 um öruggara Norðurland vestra, þar sem fram kemur að Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra, Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Ungmennasamband Skagafjarðar, Ungmennasamband Austur-Húnavetninga, Ungmennasamband Vestur-Húnavetninga og sveitarfélögin Skagafjörður, Skagabyggð, Skagaströnd, Húnabyggð og Húnaþing vestra hafa ákveðið að vinna saman gegn ofbeldi, öðrum afbrotum og til að stuðla að bættri þjónustu fyrir jaðarsetta hópa með sameiginlegum markmiðum og aðgerðum, sem byggðar eru á svæðisbundnum aðstæðum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum að staðfesta samstarfslýsinguna.

4. Loftslagsstefna sveitarfélagsins

Lagt fram til kynningar verkefni sem er undir forystu ráðgjafa á sviði umhverfis- og nýsköpunar hjá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, þar sem farið verður af stað með vinnustofur fyrir sveitarfélögin í landshlutanum fyrir og eftir páska, með það að markmiði að aðstoða við að móta loftslagsstefnu sem uppfyllir lög um loftslagsmál. SSNV hefur samið við ráðgjafa á sjálfbærnisviði KPMG til að halda utan um faglega hluta vinnunnar fyrir sveitarfélögin. Þessi vinna er hluti af áhersluverkefninu Landshluti til forystu í loftslagsmálum og skilyrði til þess að ljúka öllum fimm skrefunum í Græn skref á Norðurlandi vestra. Loftslagsstefnan nær yfir allan rekstur sveitarfélagsins og samkvæmt lögum mun hún



innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að markmiðum þeirra verði náð.

5. SSNV – Boðun ársþings

Með bréfi dagsettu 12. mars 2024 er boðað til 32. ársþings Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, sem verður haldið í Félagsheimilinu á Blönduósi, 11. apríl næstkomandi. Fulltrúar sveitarfélagsins verða Halldór Gunnar Ólafsson og Erla María Lárusdóttir.

6. 80 ára afmæli lýðveldisins 2024

Lagt fram til kynningar erindi afmælisnefndar 80 ára afmælis lýðveldisins dagsett 8. mars 2024, þar sem upplýst er að hátíðardagskrá af því tilefni sé birt á vef forsætisráðuneytisins www.lydveldi.is. Í tilefni þessara tímamóta gefur forsætisráðuneytið út bókina „Fjallkonan. Þú ert móðir vor kær“ með úrvali þjóðhátíðarljóða og greinum um fjallkonuna.

Bókin verður gjöf til landsmanna og verður dreift um landið (bókabúðir, bókasöfn og sundlaugar) fyrir 17. júní þegar hátíðahöld um allt land munu ná hámarki með hátíðardagskrá og kórasöng. Með bréfi þessu er óskað eftir samstarfi við sveitarfélög landsins í tengslum við hátíðardagskrána með miðlun og hvatningu um þátttöku eins og hentar best á hverjum stað.

7. HMS - Stofnframlag

Sveitarfélagið Skagaströnd hefur sótt um að vera þátttakandi í stofnframlögum í gegnum Húsnaðis- og mannvirkjastofnun (HMS) til byggingar á íbúðarhúsnaði að Ránarbraut 2. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum að leggja fram 12% stofnframlag til byggingar fjögurra íbúða raðhúss að Ránarbraut 2, á vegum Brákar íbúðafélags, samkvæmt byggingarkostnaðarviðmiðum HMS. Framlag yrði greitt með gatnagerðargjöldum, fráveitu- og vatnsveitugjöldum og beinum fjárframlögum. Áætlað er að heildarbyggingarkostnaður sé um 205 millj. króna og framlag sveitarfélagsins nærri 25 millj. króna.

8. Fasteignasjóður Jöfnunarsj. sveitarfélaga – úthlutun

Lagt fram til kynningar bréf dagsett 8. mars 2024, um úthlutun úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum vegna framkvæmda við stjórnarsýsluhús sveitarfélagsins að Túnbraut 1-3. Samþykkt var að veita framlag að fjárhæð 800 þúsund kr. miðað við helmingskostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs.



9. Höfðaskóli – Beiðni starfsmanna um samtals tíma við sveitarstjórn

Tekin fyrir beiðni frá starfsmönnum Höfðaskóla sem komið var á framfæri af skólastjóra með bréfi dagsettu 11. mars 2024, þar sem þess er óskað að fá fundartíma einu sinni á önn með sveitarstjórn.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og óskar eftir tillögu að fundartíma frá starfsfólki Höfðaskóla.

10. Trúnaðarmál – starfsmannamál

Afgreiðsla sveitarstjórnar var bókuð í trúnaðarbók.

11. Umhverfisstofnun – Meðhöndlun mengaðs jarðvegs

Lagt fram til kynningar bréf Umhverfisstofnunar dagsett 30. janúar 2024, til Sambands ísl. sveitarfélaga, þar sem vakin er athygli á ábyrgð og skyldum sveitarfélaga til að hafa farvegi fyrir meðhöndlun og förgun á menguðum jarðvegi.

12. Fundargerðir:

1. Stjórn Norðurár – nr. 114 og 115, 7. mars 2024 og 15. mars 2024

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

2. Stjórn SSNV nr. 104 frá 5. mars 2024

Fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra nr. 104 lögð fram til kynningar.

3. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 944 og 945

23. febrúar 2024 og 28. febrúar 2024

Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 944 og 945

13. Önnur mál:

Sveitarstjórn samþykkir að boða til íbúafundar 17. apríl n.k. kl. 17:00 í Fellsborg.



Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.13:05

Halldór Gunnar Ólafsson

Ástrós Elísdóttir

Erla María Lárusdóttir

Péturína L. Jakobsdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Ólafur Þór Ólafsson